



NETGREIÐSLUR KORTA:

Einföld, örugg og ódýr

leið til að selja vörur eða þjónustu á netinu

KORTA ÞJÓNUSTAN

NET
GREIÐSLUR

KORTA

PCI VOTTAD

Hvað eru Netgreiðslur Korta?

Netgreiðslur Korta eru **einföld, örugg og ódýr** leið fyrir þá sem vilja selja vörur eða þjónustu á Netinu. Netgreiðslur eru kerfi sem tekur við greiðslum frá viðskiptavinum fyrir hönd seljanda á öruggu svæði Kortabjónustunnar. Söluaðilar sem nota Netgreiðslur þurfa ekki að höndla með greiðslukortaupplýsingar viðskiptavina sinna. Þar með losna þeir við kostnaðarsama uppsetningu SSL-greiðslugáttar og tryggja hámarksöryggi greiðslukortaupplýsinga hjá Kortabjónustunni – **einu PCI-vottuðu greiðslumiðlun landsins**. Netgreiðslur eru einfaldar í uppsetningu og geta nýst fyrirtækjum af öllum stærðum – allt frá einyrkjum upp í stærri fyrirtæki. Greiðslur geta farið fram í öllum helstu gjaldmiðlum og **því henta Netgreiðslur afar vel þeim sem selja vörur á alþjóðlegum markaði**.

Svona virka Netgreiðslur Korta

Upplýsingar um vöru eru skráðar á einfaldan hátt og búinn til kóði sem settur er á vef söluaðilans. Þegar kaupandi hefur valið vöru og er tilbúinn að slá inn greiðslukortaupplýsingar, gerir hann það á öruggu greiðslusvæði Kortabjónustunnar, þar

sem gengið er frá kaupum. Ýmsar mismunandi útfærslur eru í boði. Viðskiptavinir geta valið allt frá einföldum greiðsluhnappi sem flytur viðskiptavin á öruggt vefsvæði Kortabjónustunnar upp í iframe-rammauppsetningu þar sem allt kaupferlið fer fram í útliti vefverslunarinnar. Þá birtir vefsíðan öruggt vefsvæði Kortabjónustunnar í litlum ramma þar sem kortaupplýsingar eru slegnar inn og kaupandinn flyst aldrei út úr umhverfi viðkomandi vefverslunar. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu fá bæði kaupandi og seljandi tilkynningu með tölvupósti. Ítarlegri upplýsingar má finna á vef Kortabjónustunnar, www.korta.is.

Einfalt

Netgreiðslur eru einfaldar í notkun fyrir söluaðila vegna þess að viðkvæmar kortaupplýsingar eru slegnar inn á öruggu vefsvæði Kortabjónustunnar. Kortabjónustan sér um allt viðhald og allar tækni- og öryggisuppfærslur. Því þurfa söluaðilar ekki að hafa áhyggjur af nýjum öryggishættum sem stöðugt verða til á Netinu eða eyða tíma í að viðhalda eigin greiðslugátt. Það tekur almennan tölvunotanda innan við 30 mínútur að setja upp einföldustu útgáfuna af Netgreiðslum. Hægt er að tengja

Netgreiðslurnar við hvaða vefumsjónarkerfi sem er og eru þegar til tengingar við flest kerfi sem eru í notkun á Íslandi. Möguleikarnir á frekari útfærslum eru óendanlegir.

Öruggt

Netgreiðslur Korta eru **eina PCI-vottaða vefgreiðslumiðlunin á Íslandi** en PCI er öryggisstaðall sem gefinn er út af alþjóðlegu kortafyrirtækjunum MasterCard International og Visa International. PCI-vottun þýðir að ítrustu öryggiskröfum er fullnægt við alla meðhöndlun kortaupplýsinga. Því eiga notendur Netgreiðslna ekki á hættu að glata kortaupplýsingum viðskiptavina sinna í hendur tölvuþrjóta eða netglæpamanna. Það er flókið og kostnaðarsamt að vista og höndla með greiðslukortaupplýsingar á öruggan hátt – og ef fyrirtæki verða uppvís að því að missa slíkar upplýsingar í hendur misindismanna eiga þau yfir höfði sér háar fjársektir. **Einfaldasta, öruggasta og ódýrasta** lausnin er að geyma engar greiðslukortaupplýsingar sjálfur – heldur láta fagmenn sjá um málið!

Ódýrt

Netgreiðslur Korta eru margfalt ódýrari en hefðbundnar leiðir við að setja upp dulkóðuð SSL-vefsvæði og verja tölvukerfi fyrirtækisins þannig að óprúttnir aðilar geti ekki stolið þaðan greiðslukortaupplýsingum. Við bjóðum þrjár mismunandi þjónustuleiðir – Einyrkjann, Netgreiðslur og Netgreiðslur Pro – þannig að söluaðilar af öllum stærðum og gerðum geta sniðið sér stakk eftir vexti. Margir hafa látið kostnaðinn við að setja upp netverslun hindra sig í gegnum tíðina en með Netgreiðslum Korta er sá vandi úr sögunni.

Það er ekkert því til fyrirstöðu að nýta Netið sem nýja tekjulind – hringdu núna í 55 88 000 og fáðu tilboð sem hentar þínu fyrirtæki!



Einyrkinn:

Einfaldasta útfærslan.
Sjálfgæfið útlit.
Greiðsluhnappur útbúinn í Þjónustugátt.
Hentar fyrir fáar vörur.
Örugg PCI-vottuð greiðslukortameðhöndlun.

Netgreiðslur:

Greiðsluhnappur eða körfukerfi.
Þú ræður útlitinu, eigið lógó í haus og/eða á vinstri spássíu.
Einfalt til tengingar á körfukerfum eða vefverslunum.
I-frame rammauppsetning.
Hentar fyrir ótakmarkaðan vörufjölda.
Örugg PCI-vottuð greiðslukortameðhöndlun.

Netgreiðslur Pro:

Sama og Netgreiðslur, auk eftirfarandi:
Vefposi.
Tenging við Fjölgreiðslur, Boðgreiðslur og Áskriftargreiðslur.
Tenging við PCI-vottaða Kortanúmerageymslu.
Örugg PCI-vottuð greiðslukortameðhöndlun.

Sjáðu nánari upplýsingar, umfjöllun og kennslumyndband um notkun Netgreiðslna á Korta.is



Netgreiðslur Korta – Einföld, örugg og ódýr leið til að nýta Netið sem tekjulind. Hringdu núna í 55 88 000 og kynntu þér hvaða þjónustuleið hentar þér!